



Reykjavík, 30. apríl 2018

R2018040026/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum - 469. mál, þskj. 675.

Ríkisskattstjóra barst ekki umsagnarbeiðni frá Alþingi um ofangreint frumvarp en embættið telur fullt tilefni til að koma á framfæri umsögn um þann þátt frumvarpsins er lýtur að því að lagðar eru skyldur á ríkisskattstjóra til að veita Íbúðalánasjóði tilteknar upplýsingar.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

„Íbúðalánasjóði er heimilt að krefja stjórnvöld og stofnanir um gögn og upplýsingar um húsnæðismarkaðinn sem nauðsynlegar eru vegna verkefna skv. 1. mgr. og er þeim skylt að veita Íbúðalánasjóði upplýsingarnar á því formi sem óskað er eða um semst og innan þeirra tímamarka sem sjóðurinn ákveður. Íbúðalánasjóður skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verður háttáð, gögn varðveitt og niðurstöður birtar. Er hér m.a. átt við Hagstofu Íslands, Þjóðskrá Íslands, ríkisskattstjóra og Tryggingastofnun ríkisins.“

Í athugasemdum við ákvæðið segir svo:

„Í 2. mgr. er lagt til að sjóðurinn hafi heimild til þess að kalla eftir nauðsynlegum gögnum um húsnæðismarkaðinn frá stjórnvöldum og stofnunum þeirra vegna verkefna þeirra sem honum eru falin í 1. mgr., þ.m.t. Hagstofu Íslands, Þjóðskrá Íslands, ríkisskattstjóra og Tryggingastofnun ríkisins. Um er að ræða gögn sem varða efnahag heimila eftir svæðum, svo sem um tekjur, eignir, atvinnuþátttöku og örorku, fasteignaupplýsingar og önnur gögn sem varða húsnæðismál. Mikilvægt er að sjóðurinn hafi greiðan aðgang að þeim tölfræðiupplýsingum sem umræddar stofnanir safna til þess að geta sinnt greiningar- og stefnumörkunarhlutverki því sem honum er ætlað með frumvarpi þessu. Hagstofa Íslands annast nú þegar skýrslugerð um ýmsa þætti sem snúa að húsnæðismarkaðnum og safnar því stærstum hluta þeirra gagna sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn þurfi. Gert er ráð fyrir því að vinnsla og afhending gagnanna verði án sérstaks endurgjalds af hálfu Íbúðalánasjóðs, en sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 6. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007.“

Ríkisskattstjóri telur að þær heimildir sem veittar yrðu Íbúðalánasjóði samkvæmt tilvitnuðu orðalagi umrædds ákvæðis séu langt umfram tilefni, hvort heldur litið sé til hlutverks sjóðsins eða þeirrar viðtæku gagnaöflunar sem lagt er upp með í hans þágu. Ákvæðið er þannig mjög vítt og afdráttarlaust sem slíkt og því ákaflega óheppilegt þar sem það veitir Íbúðalánasjóði að tilefnislausu mjög víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar frá öllum stjórnvöldum og stofnunum án þess að tekið sé tillit til þagnarskyldu þeirra sem slíkri fyrirspurn yrði beint að. Ákvæði sem þetta hæfði betur Hagstofu Íslands en almennri ríkisstofnun með skilgreint meginmarkmið og verður ekki séð að þeir hagsmunir séu að baki að réttlæti slíkt umstang.

Ríkisskattstjóri bendir á að tilgangur gagnasöfnunar embættisins, sem er ein umfangsmesta gagnasöfnun á landinu, er að tryggja rétta álagningu opinberra gjalda og annarra skatta sem ríkisskattstjóra er falið að leggja á. Blasir við að ekki verður jafnað saman þeim forsendum sem hvíla að baki gagnaöflunar til grundvallar tekjuöflun ríkisins og þeirra upplýsinga sem Íbúðalánasjóður kynni að telja nauðsynlegar við framkvæmd einhverra þeirra verkefna sinna sem talin eru upp í 11. töluliðum. Gögn sem afhent eru ríkisskattstjóra í þessum tilvikum eru háð ríkri þagnarskyldu, sbr. m.a. 117. gr. tekjuskattslaga þar sem segir eftirfarandi:

„Ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þótt menn þessir láti af störfum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands skýrslur, í því formi er Hagstofa Íslands ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð hennar. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.“


Ríkisskattstjóri áréttar að hafa verður í huga að um er að ræða aðgang að upplýsingum úr mesta rauntíma gagnasafni landsins og að gögn þessi hafa verið afhent ríkisskattstjóra í trúnaði og í þeim tilgangi að tryggja rétta skattlagningu en ekki til tilfallandi greiningarvinnu einstakra aðila gagnstætt því sem gildir um Hagstofu Íslands.


Þá gerir ríkisskattstjóri alvarlegar athugasemdir við að gert sé ráð fyrir að vinnsla og afhending gagnanna verði án sérstaks endurgjalds af hálfu Íbúðalánasjóðs, þar sem fjárveitingar til embættisins eru með skattframkvæmd að meginmarkmiði en ekki til að mæta tilfallandi þörfum einstakra aðila um óskyld og fjárfrek viðvik.

Loks má einnig benda á að Íbúðalánasjóður starfar á fjármálamarkaði og verður því að telja varhugavert að veita honum svo víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar, m.a. með tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Ríkisskattstjóri telur ótækt að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Birgitta Arngrímsdóttir